

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2012

2012/EES/43/34

frá 30. mars 2012

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1251/2011 frá 30. nóvember 2011 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB) og 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB) í XVI. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 1251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1251/2011 frá 30. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 319, 2.12.2011, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1251/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 54, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 68.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 319, 2.12.2011, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.